



Mannekla í hjúkrun

Skýrsla Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

**Aðalbjörg Finnbogadóttir
Jón Aðalbjörn Jónsson**

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

Mars 2007

Mannekla í hjúkrun – skýrsla Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Útgefandi: Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, mars 2007

Hönnun og umbrot: Jón Aðalbjörn Jónsson

Forsíðumynd: Aleksandar Bracinac, www.stockxpert.com

ISBN- 978-9979-9798-1-4 (rafræn útgáfa)

Höfundar: © Aðalbjörg Finnbogadóttir og Jón Aðalbjörn Jónsson

Dreifing Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

Efnisyfirlit

Útdráttur	2
1. Mannekla í hjúkrun	2
2. Kannanir á skorti á hjúkrunarfræðingum í sögulegu samhengi	2
3. Vinnumarkaður hjúkrunarfræðinga.....	2
3.1. Hjúkrunarfræðingar með íslenskt hjúkrunarleyfi.....	2
3.2. Starfandi hjúkrunarfræðingar, félagsmenn (a).....	3
3.3. Nýútskrifaðir, ekki félagsmenn (b)	3
3.4. Lífeyrisþegar (c).....	3
3.5. Fagaðilar – ekki starfandi (d)	3
3.6. Búsettir erlendis (e).....	3
3.7. Hjúkrunarfræðingar sem hafa sagt sig úr félaginu eða ekki greitt félagsgjöld (f)	3
4. Mannafli hjúkrunarstéttarinnar á Íslandi	3
4.1. Hjúkrunarfræðingar á vinnualdri.....	3
4.2. Atvinnuþátttaka	4
4.3. Starfshlutfall starfandi hjúkrunarfræðinga	4
4.4. Nýliðun í hjúkrunarstéttinni	4
4.5. Fjöldi hjúkrunarfræðinga á hverja 100 þúsund íbúa árið 2004	4
5. Könnun á skorti á hjúkrunarfræðingum 2006	5
5.1. Sundurgreinanleiki upplýsinga.....	5
5.2. Svarhlutfall	6
6. Tölulegar niðurstöður.....	6
6.1. Svör um stöðugildi á stofnunum í könnun	6
6.2. Svör um stöðugildi uppreiknuð fyrir landið allt.....	7
6.3. Sundurliðun á skorti	7
6.4. Fjöldi hjúkrunarfræðinga sem þarf til að manna stöðugildin.....	7
6.5. Sundurliðun á skorti á hjúkrunarfræðingum.....	8
7. Spá um skort á hjúkrunarfræðingum fram til ársins 2015.....	8
7.1. Forsendur.....	8
7.1.a. Áætlaður fjöldi nýútskrifaðra	8
7.1.b. 86,68% nýútskrifaðra til starfa	9
7.1.c. Áætlaður fjöldi stöðugilda til starfa	9
7.1.d. Áætlaður fjöldi stöðugilda á lífeyri	9
7.1.e. Áætluð nýliðun í stöðugildum.....	9
7.1.f. Áætluð þörf, fjöldi heimilaðra stöðugilda	9
7.1.g. Áætlaður fjöldi setinna stöðugilda	10
7.1.h. Áætlaður fjöldi ósetinna stöðugilda	10
7.1.i. Frá vegna leyfa	10
7.1.j. Áætlaður heildarskortur stöðugilda.....	10
Heimildaskrá	11

Útdráttur

Hjúkrunarfræðingar á vinnualdri á Íslandi eru alls 3102. Af þeim starfa 2689 á íslenskum stofnunum samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Könnun þessi nær yfir þá hjúkrunarfræðinga. Alls vantar 582 hjúkrunarfræðinga til að leysa úr skorti á hjúkrunarfræðingum til starfa í 445 stöðugildi á íslenskum stofnunum. Hjúkrunarforstjórar meta þörf fyrir árlega fjölgun stöðugilda stéttarinnar vera 2,2%

Fjölgun námsplássá í Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri í samtals 153 nægir ekki til að mæta þessum vexti. Að teknu tilliti til þeirra er fara á lífeyri, atvinnuþátttöku og meðalstarfshlutfalls hjúkrunarfræðinga mun árleg nýliðun í stéttinni einungis nema 40 stöðugildum að jafnaði. Áætluð árleg þörf fyrir vöxt stéttarinnar er hins vegar metin 47,6 stöðugildi.

Fyrirsjáanlegt er að skortur á hjúkrunarfræðingum mun aukast fram til ársins 2015 um 12,8 stöðugildi árlega. Það ár mun að óbreyttu vanta 749 hjúkrunarfræðinga til starfa í alls 543 stöðugildi.

1. Mannekla í hjúkrun

Í byrjun árs 2006 tók stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (FÍH) ákvörðun um að kanna á ný hversu marga hjúkrunarfræðinga vantaði til starfa en síðast hafði það verið kannað 1999. Skýrsla þessi fjallar um niðurstöður þessarar könnunar sem gerð var á árinu 2006. Leitast er við að skýra vinnumarkað hjúkrunarfræðinga, skilgreina fjölda þeirra og fá yfirlit yfir skort á hjúkrunarfræðingum á íslenskum stofnunum.

2. Kannanir á skorti á hjúkrunarfræðingum í sögulegu samhengi

Kannanir á skorti á hjúkrunarfræðingum hafa verið gerðar hér á landi með óreglulegu millibili. Félög hjúkrunarfræðinga og aðrir aðilar hafa frá 1942 unnið upplýsingar um mönnunarstöðu stéttarinnar og liggja fyrir gögn frá 9 slíkum könnunum unnum árið 1942, 1964, 1971, 1983, 1984, 1985, 1992, 1998 og 1999.

3. Vinnumarkaður hjúkrunarfræðinga

3.1. Hjúkrunarfræðingar með íslenskt hjúkrunarleyfi

Samkvæmt skrá FÍH 1. júní 2006 eru hjúkrunarfræðingar með íslenskt hjúkrunarleyfi á Íslandi og erlendis 3850 talsins og skiptast þeir svo:

1. Hjúkrunarfræðingar sem starfa skv. kjarasamningi FÍH		%
a. Starfandi hjúkrunarfræðingar, félagsmenn	2.549	66,21%
b. Nýútskrifaðir, ekki félagsmenn	140	3,64%
Hjúkrunarfræðingar starfandi alls	2.689	69,84%
2. Hjúkrunarfræðingar sem starfa ekki skv. kjarasamningi FÍH		
c. Lífeyrisþegar	551	14,31%
d. Fagaðilar – ekki starfandi	220	5,71%
e. Búsettir erlendis	197	5,12%
f. Úrsögn/ógreidd félagsgjöld	193	5,01%
Hjúkrunarfræðingar sem starfa ekki skv. kjarasamningi FÍH, alls	1161	30,16%
Hjúkrunarfræðingar með íslenskt hjúkrunarleyfi, alls	3850	100,00%

Tafla 1. Hjúkrunarfræðingar með íslenskt hjúkrunarleyfi.

3.2. Starfandi hjúkrunarfræðingar, félagsmenn (a)

Starfandi hjúkrunarfræðingar eru 2.549 talsins miðað við 1. júní 2006. Starfandi hjúkrunarfræðingar teljast vera þeir sem greiða félagsgjald til FÍH sem tiltekið hlutfall af launum og eru skráðir félagsmenn. Þeir stafa við hjúkrun á stofnunum, starfa sjálfstætt á samningi félagsins við Tryggingastofnun ríkisins eða starfa hjá einkafyrirtækjum utan heilbrigðiskerfisins. Þar starfa þeir einkum hjá lyfjafyrirtækjum, tryggingafélögum og við kennslu.

3.3. Nýútskrifaðir, ekki félagsmenn (b)

140 nýútskrifaðir hjúkrunarfræðingar hafa ekki gengið frá umsókn í félagið. Nokkurn tíma tekur fyrir nýútskrifaða að sækja um og fá hjúkrunarleyfi en slíkt leyfi er forsenda inngöngu í félagið. Flestir þessara hjúkrunarfræðinga eru í hjúkrunarstarfi og teljast því hér til starfandi hjúkrunarfræðinga.

3.4. Lífeyrisþegar (c)

Samkvæmt félagatali eru félagsmenn með rétt til töku lífeyris 551 talsins, 491 á ellilífeyri og 60 örorkulífeyrisþegar sem eru ekki í starfi, en skv. upplýsingum frá Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga (LH) kemur fram að 93 hjúkrunarfræðingar fengu greiddan örorkulífeyri í júní 2006. Þar af eru 60 örorkulífeyrisþegar ekki starfandi og 33 starfandi og er við það miðað í þessar úttekt.

3.5. Fagaðilar – ekki starfandi (d)

220 félagsmenn teljast ekki starfa við hjúkrun en eru fagaðilar að félaginu. Þeir þiggja ekki laun skv. kjarasamningi félagsins og greiða því ekki hlutfall af launum til félagsins.

3.6. Búsettir erlendis (e)

Samkvæmt félagatali FÍH eru 197 hjúkrunarfræðingar skráðir erlendis. Þessir hjúkrunarfræðingar teljast ekki starfandi í könnun þessari þar sem hún nær einungis yfir íslenskan vinnumarkað.

3.7. Hjúkrunarfræðingar sem hafa sagt sig úr félaginu eða ekki greitt félagsgjöld (f)

193 hjúkrunarfræðingar starfa ekki við hjúkrun og hafa annaðhvort sagt sig úr félaginu eða ekki greitt félagsgjöld síðustu 2 árin en skv. lögum félagsins missir viðkomandi þá öll réttindi í félaginu.

4. Mannafli hjúkrunarstéttarinnar á Íslandi

4.1. Hjúkrunarfræðingar á vinnualdri

Þegar framangreindar tölur eru teknar saman kemur fjöldi hjúkrunarfræðinga á vinnualdri á Íslandi í ljós.

Hjúkrunarfræðingar á vinnualdri	
Starfandi hjúkrunarfræðingar (a + b)	2.689
Hjúkrunarfræðingar sem eru ekki í hjúkrunarstarfi (d + f)	413
Alls hjúkrunarfræðingar á vinnualdri á Íslandi	3.102

Tafla 2. Hjúkrunarfræðingar á vinnualdri.

Skilgreining: Starfandi hjúkrunarfræðingar á vinnualdri.

Til starfandi hjúkrunarfræðinga á vinnualdri teljast starfandi félagsmenn (2.549) og nýútskrifaðir hjúkrunarfræðingar (140) sem ekki hafa sótt um aðild að félaginu. Samkvæmt athugun félagsins eru flestir nýútskrifaðir hjúkrunarfræðingar í starfi og eru því taldir hér sem slíkir. Alls eru þetta 2.689 hjúkrunarfræðingar.

Skilgreining: Hjúkrunarfræðingar á vinnualdri sem eru ekki í hjúkrunarstarfi

Til þessa hóps teljast félagsmenn sem eru fagaðilar í FÍH (220) og hjúkrunarfræðingar sem eru ekki félagsmenn (193). Samtals eru þetta 413 hjúkrunarfræðingar. Þess ber að geta að í hópi hjúkrunarfræðinga á vinnualdri sem starfa ekki við hjúkrun geta verið hjúkrunarfræðingar sem starfa við kennslu, eru í námi og hjúkrunarfræðingar með ljósmæðramenntun sem starfa ekki við hjúkrun skv. kjarasamningi félagsins. Þessir rúmlega 400 aðilar hefðu í eldri könnunum verið taldir til varaforða, en ólíklegt verður að telja að þessir aðilar geti fengist til starfa við hjúkrun enda myndi það einungis skapa tóm á starfsvettvangi þeirra þar sem hjúkrunarmenntun er í raun krafist.

4.2. Atvinnuþátttaka

Mannaflí hjúkrunarfræðinga er allir hjúkrunarfræðingar að frátöldum lífeyrisþegum og hjúkrunarfræðingum búsettum erlendis. Samtals eru það 3.102 hjúkrunarfræðingar. Af þeim starfa 2.689 hjúkrunarfræðingar við hjúkrun. Atvinnuþátttaka hjúkrunarfræðinga innan hjúkrunar er því 86,68%. Til samanburðar má nefna að atvinnuþátttaka íslenskra kvenna, sem eru með háskólamenntun, var samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands 91,8 % á árinu 2005 eða 5,12% meiri en atvinnuþátttaka hjúkrunarfræðinga.

Atvinnuþátttaka hjúkrunarfræðinga er í raun mun meiri því hér að ofan er ekki tekið tillit til þeirra sem teljast ekki starfandi þar sem þeir starfa við annað en hjúkrun, þó störf þeirra séu beinlínis hjúkrunartengd s.s. kennsla, sala á hjúkrunarvörum, rannsóknir o.þ.h. og til þeirra krafist hjúkrunarmenntunar.

4.3. Starfshlutfall starfandi hjúkrunarfræðinga

Meðalstarfshlutfall starfandi hjúkrunarfræðinga skv. skilgreiningu er á landsvísu 76,45% Við þetta er miðað þegar fjöldi einstaklinga, sem þarf til að manna þau ómönnuð stöðugildi skv. niðurstöðutölum úr könnuninni, er reiknaður. Hver hjúkrunarfræðingur skilar 76,45% stöðugildi. Meðalstarfshlutfall hjúkrunarfræðinga sem starfa hjá LSH er 77%.

4.4. Nýliðun í hjúkrunarstéttinni

Nám í hjúkrun er hægt að stunda við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands (HÍ) og við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri (HA). Námið er alls 120 einingar og er hámarkstími til námsins 6 ár. Að lokinni fyrstu önn fara fram samkeppnispróf þar sem samtals 121 nemandi komst áfram í HÍ og HA í janúar 2006. Alþingi hefur á árinu samþykkt fjárveitingu sem gerir deildunum kleift að hleypa alls 153 nemendum í gegnum samkeppnispróf frá og með árinu 2007. Ljóst er að þessi fjölgun námsmanna mun ekki fjölga útskrifuðum hjúkrunarfræðingum fyrr en á árinu 2010

4.5. Fjöldi hjúkrunarfræðinga á hverja 100 þúsund íbúa árið 2004

Áhugavert er að bera saman fjölda hjúkrunarfræðinga á hverja 100.000 íbúa á Norðurlöndum. Samkvæmt tölfræðilegum upplýsingum Nomesco úr vefútgáfu *Health Statistics in the Nordic Countries* fyrir árið 2004 eru á Íslandi 863 hjúkrunarfræðingar á hverja 100.000 íbúa. Þetta er 46% aukning frá árinu 1996 samkvæmt gögnum stofnunarinnar en á því ári voru hjúkrunarfræðingar á hverja 100.000 íbúa á Íslandi 591.

Til glöggvunar er hér tölulegur samanburður á breytingum á fjölda hjúkrunarfræðinga á hverja 100.000 íbúa í Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Af töflu 3 má sjá að mest fjölgun hjúkrunarfræðinga er í Noregi eða 69,36%. Í Finnlandi hefur orðið veruleg fækkun á hjúkrunarfræðingum eða 26,5%.

Fjöldi hjúkrunarfræðinga á hverja 100.000 íbúa	1996	2004	Breyting
Finnland	1219	896	-26,50%
Noregur	878	1487	69,36%
Svíþjóð	813	967	18,94%
Danmörk	706	955	35,27%
Ísland	591	863	46,02%

Tafla 3. Hjúkrunarfræðingar á 100.000 íbúa.

5. Könnun á skorti á hjúkrunarfræðingum 2006

Á árinu 2006 gerði FÍH könnun á hve marga hjúkrunarfræðinga vantaði til starfa. Eins og fyrr segir var könnunin endurtekning könnunar félagsins frá árinu 1999 sem birt var í skýrslunni „Mannekla í hjúkrun“ árið 1999.

Sams konar spurningarlisti og notaður var í könnuninni árið 1999 var í júní 2006 sendur til 71 stofnunar (heilbrigðisstofnana, sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og öldrunarstofnana) og þess farið á leit við hjúkrunarforstjóra þeirra að þeir gæfu upplýsingar um 5 atriði varðandi stöðugildi hjúkrunarfræðinga við stofnunina.

1. Hve mörg heimiluð stöðugildi hjúkrunarfræðinga eru á stofnuninni?
2. Hve mörg stöðugildi hjúkrunarfræðinga eru setin á stofnuninni?
3. Hve mörg stöðugildi af setnum stöðugildum hjúkrunarfræðinga eru í barnsburðar-, náms- og veikindaleyfum?
4. Hve marga hjúkrunarfræðinga vantar til starfa miðað við *heimiluð* stöðugildi á stofnuninni?
5. Hve mörg stöðugildi hjúkrunarfræðinga telur þú þurfa á stofnunina miðað við *áætlaða þörf* fyrir hjúkrunarfræðinga?

Upplýsingarnar skyldu miðast við 1. janúar 2006.

5.1. Sundurgreinanleiki upplýsinga

Óskað var eftir því að sameinaðar heilbrigðisstofnanir sundurgreindu mönnun hjúkrunarfræðinga á sjúkrahúsi og heilsugæslustöð. Þetta reyndist ekki alls staðar mögulegt auk þess sem öldrunarstofnanir heyra jafnframt víða undir heilbrigðisstofnanir. Niðurstöður verða því ekki sundurgreindar á sama hátt og í könnuninni frá árinu 1999.

Stofnunum er skipt niður í heilbrigðisstofnanir (stofnanir sem hafa sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og/eða öldrunarstofnanir/hjúkrunarheimili í einni stofnun) og sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og öldrunarstofnanir.

Þegar talað er um heimiluð stöðugildi hjúkrunarfræðinga á stofnun er átt við reiknaðan eða áætlaðan fjölda stöðugilda hjúkrunarfræðinga sem fjárhagsáætlanir miðast við. Heimiluð stöðugildi eru þó ekki trygging fyrir því að stöðugildi hjúkrunarfræðinga séu í samræmi við raunverulega þörf fyrir hjúkrunarfræðinga. Í könnuninni var gerð tilraun til að meta hver raunveruleg þörf fyrir hjúkrunarfræðinga væri með því að spyrja hjúkrunarforstjóra hvað þeir

teldu þurfa marga hjúkrunarfræðinga miðað við starfsemi stofnunarinnar og hjúkrunarþarfir sjúklinganna. Mat hjúkrunarforstjóranna á þörf fyrir hjúkrunarfræðinga gefa greinilega til kynna að skortur á hjúkrunarfræðingum á stofnunum er meiri en ef aðeins er litið til skorts miðað við heimiluð stöðugildi.

Hlutfallstölur um skort á hjúkrunarfræðingum miðast við heimiluð stöðugildi á stofnunum eins og þau eru skilgreind hér að framan.

Eitt stöðugildi hjúkrunarfræðinga samsvarar 40 vinnustundum á viku en það er fullt starf(100%).

Könnunin nær til stofnana sem samanlagt hafa í vinnu 91,64% starfandi hjúkrunarfræðinga eða alls 2.464 einstaklinga sem samanlagt skila starfi sem nemur 1.884 stöðugildum. Uppreiknað á landsvísu hafa stofnanir á Íslandi í vinnu 2.689 hjúkrunarfræðinga í alls 2.055,78 stöðugildum.

5.2. Svarhlutfall

Könnun um skort á hjúkrunarfræðingum var send til hjúkrunarforstjóra heilbrigðisstofnana, sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og öldrunarstofnana, alls 71 stofnunar. Svör bárust frá 70 stofnunum og var svarhlutfallið 99%. Svör fengust ekki frá einni lítilli heilsugæslustöð á landsbyggðinni.

Tegund stofnunar	Alls sent	Svarað	Svarhlutfall
Heilbrigðisstofnanir	15	15	100%
Sjúkrahús	4	4	100%
Heilsugæslustöðvar	10	9	90%
Öldrunarstofnanir	42	42	100%
Allar stofnanir	71	70	99%

Tafla 4. Svarhlutfall.

6. Tölulegar niðurstöður

6.1. Svör um stöðugildi á stofnunum í könnun

Út frá svörum stofnananna reiknast vanta 408,11 stöðugildi eða 20,7%. Nauðsynlegt er að hafa í huga að í tölu þessari er ekkert mat lagt á viðbótarþörf Landspítala-háskólasjúkrahúss (LSH). Stöðuheimildir LSH eru 52,5% af stöðuheimildum á landinu öllu. Ef skortur á stöðuheimildum LSH er svipaður og meðaltal annarra stofnana má áætla að vanti 107 stöðuheimildir hjúkrunarfræðinga á LSH. Skortur á hjúkrunarfræðingum á landinu öllu yrði þannig 26,1%. LSH hefur ekki lagt mat á þörf fyrir hjúkrunarfræðinga umfram stöðuheimildir, en stofnunin hefur þó uppi áform um að gera slíkt mat á árinu 2007.

Skv. svörum stofnananna (tafla 7) vantar 4,64% upp á að heimiluð stöðugildi séu setin, 11,1% til að bæta úr skorti vegna veikinda-, barnsurðar- og námsleyfa og 4,90% til að fullnægt sé þörf umfram stöðuheimildir skv. mati hjúkrunarforstjóra eða alls 20,7%.

Niðurstöðurnar eru dregnar saman í töflu 5 og töflu 6 þar sem svör stofnananna eru uppreiknuð fyrir landið allt.

Stofnanir í könnun	Heimiluð Spurning 1	Setin Spurning 2	Leyfi Spurning 3	Skortur nú Spurning 4	Mat á þörf Spurning 5	Skortur alls
Heilbrigðisstofnanir	256,95	252,60	17,45	4,35	293,05	57,90
Sjúkrahús	1235,50	1189,50	178,90	46,00	1246,90	236,30
Heilsugæslustöðvar	191,70	186,50	9,20	5,20	210,05	32,75
Öldrunarstofnanir	291,35	255,30	13,96	36,05	322,50	81,16
	1975,50	1883,90	219,51	91,60	2072,50	408,11

Tafla 5. Skortur á stöðugildum hjúkrunarfræðinga á stofnunum skv. könnun.

6.2. Svör um stöðugildi uppreiknuð fyrir landið allt

Í töflu 6 eru notaðar hlutfallstölur í kafla 5.1 hér að ofan til að uppreikna svörin fyrir landið allt.

Landið allt	Heimiluð	Setin	Leyfi	Skortur nú	Mat á þörf	Skortur alls
Heilbrigðisstofnanir	280,39	275,65	19,04	4,75	319,79	63,18
Sjúkrahús	1348,22	1298,02	195,22	50,20	1360,66	257,86
Heilsugæslustöðvar	209,19	203,52	10,04	5,67	229,21	35,74
Öldrunarstofnanir	317,93	278,59	15,23	39,34	351,92	88,56
	2155,73	2055,78	239,54	99,96	2261,58	445,34

Tafla 6. Sortur á stöðugildum hjúkrunarfræðinga - landið allt.

6.3. Sundurliðun á skorti

Samkvæmt svörum hjúkrunarforstjóra eða forsvarsmanna stofnana skiptist skortur á hjúkrunarfræðingum þannig.

Sundurliðun á skorti	%
Mat hjúkrunarforstjóra er að fjölga þyrfti stöðugildum á stofnunum um	4,91%
Manna þarf stöðugildi vegna veikinda-, barnsburðar- og námleyfa	11,11%
Fylla þarf ósetin stöðugildi	4,64%
Alls er skortur á hjúkrunarfræðingum til að manna 445,34 stöðugildi	20,66%

Tafla 7. Sundurliðun á skorti á hjúkrunarfræðingum í prósentum.

6.4. Fjöldi hjúkrunarfræðinga sem þarf til að manna stöðugildin

Meðalstarfshlutfall hjúkrunarfræðinga er 76,45%. Í töflu 8 og 9 koma fram niðurstöðutölur um skort á stöðugildum hjúkrunarfræðinga umreiknaðar í einstaklinga sem þarf til að manna stöðugildin. Samkvæmt niðurstöðum útreikninganna vantar 582 hjúkrunarfræðinga til starfa á Íslandi að teknu tilliti til meðalstarfshlutfalls íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Fjöldi	Heimiluð	Setin	Leyfi	Skortur nú	Mat á þörf	Skortur alls
Hjúkrunarfræðingar	2820	2689	313	131	2958	582

Tafla 8. Fjöldi hjúkrunarfræðinga sem þarf til að manna stöðugildin.

6.5. Sundurliðun á skorti á hjúkrunarfræðingum

Sundurliðun skorts á landinu öllu	hjúkrunarfræðingar
Mat hjúkrunarforstjóra er að fjölga þyrfti á stofnunum um	138
Til að bæta upp fyrir veikinda-, barnsburðar- og námleyfi þarf alls	313
Alls þarf til að fylla ósetin stöðugildi	131
Alls vantar nú til starfa	582

Tafla 9. Sundurliðun á skorti á hjúkrunarfræðingum – allt landið.

7. Spá um skort á hjúkrunarfræðingum fram til ársins 2015

	Áætlaður fj. nýútskrifaðra hjúkrunarfræðinga	86,68% nýútskrifaðra hjúkrunarfr. til starfa	Áætlaður fjöldi stöðugilda til starfa	Áætlaður fjöldi stöðugilda á líffeyri	Áætluð hrein nýliðun í stöðugildum	Alls áætluð börf fyrir heimilúð stöðugildi. Miðað er við 2,2% árlegan vöxt.	Áætluð alls setin stöðugildi	Áætlaður fjöldi ósetinna stöðugilda	Frá vegna leyfa	Heildarskortur á stöðugildum á landinu öllu	Heildarskortur á hjúkrunarfræðingum
Ár	a	b	c	d	e	f	g	h	i	Vantar alls	Vantar hjfr.
2006	108	94	72	28	44	2262	2056	206	240	446	583
2007	111	96	74	41	33	2311	2100	212	233	445	582
2008	108	94	72	32	40	2362	2132	230	237	467	611
2009	102	88	68	40	28	2414	2172	242	241	484	633
2010	148	128	98	34	64	2467	2199	268	244	512	670
2011	145	126	96	42	54	2522	2263	258	251	510	666
2012	145	126	96	61	35	2577	2317	260	257	517	675
2013	145	126	96	52	44	2634	2353	281	261	543	709
2014	145	126	96	62	34	2692	2397	295	266	561	733
2015	145	126	96	71	25	2735	2431	303	270	573	749

Tafla 10. Spá um skort á hjúkrunarfræðingum á árunum 2006-2015.

7.1. Forsendur

7.1.a. Áætlaður fjöldi nýútskrifaðra

Fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræði í HÍ er frá og með 2007 miðuð við 105 einstaklinga og fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræði í HA er miðuð við 48 einstaklinga.

Reiknað er með 5% afföllum í námi af þeim sem ná inn fyrir fjöldatakmörkun. Gengið er út frá því að 5% afföll hafi þegar orðið í nemendahópum sem útskrifast 2006 og 2007 (*).

Þannig útskrifuðust 108 árið 2006, reiknað er með að 111 útskrifist 2007, 108 árið 2008 og 102 árið 2009. Frá og með árinu 2010 verður fjölgun á útskrifuðum í samræmi við aukafjárveitingu til skólanna til menntunar fleiri hjúkrunarfræðinga. Á árinu 2011 og til 2015 munu að jafnaði útskrifast 145 hjúkrunarfræðingar á ári miðað við fjárheimildir eins og þær eru nú.

Háskóli Íslands	Háskólinn á Akureyri	Samtals	95% útskrifast	Ár
79	29	108*	108*	2006
66	45	111*	111*	2007
77	37	114	108	2008
66	41	107	102	2009
105	51	156	148	2010
105	48	153	145	2011
105	48	153	145	2012
105	48	153	145	2013
105	48	153	145	2014
105	48	153	145	2015

Tafla 11. Fjöldi útskrifaðra hjúkrunarfræðinga.

7.1.b. 86,68% nýútskrifaðra til starfa

Atvinnuþátttaka hjúkrunarfræðinga er 86,68% eins og fram kemur í kaflanum um atvinnuþátttöku hér að framan. Af sömu sökum er reiknað með því að 86,68% af nýútskrifuðum hjúkrunarfræðingum komi til starfa við hjúkrun.

7.1.c. Áætlaður fjöldi stöðugilda til starfa

Miðað er við að meðaltalsstarfshlutfall hjúkrunarfræðinga sé 76,45%. Sú tala er byggð á gögnum frá vísindasjóði Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, en í þann sjóð greiða launagreiðendur hlutfall af tekjum í samræmi við starfshlutfall hjúkrunarfræðings. Ekki er tekið tillit til hugsanlegra breytinga á starfshlutfalli einstaklinga á starfsævinni.

7.1.d. Áætlaður fjöldi stöðugilda á lífeyri

Áætlaður fjöldi lífeyrisþega er fenginn úr töflu í „Spá um þörf fyrir vinnuafli í heilbrigðiskerfinu“, könnun sem unnin var af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Birtar eru tölur um áætluð stöðugildi miðað við að meðaltalsstöðugildi þeirra sem fara á lífeyri sé 76,45%. Í þessum útreikningum er ekki tekið tillit til hugsanlegra breytinga á starfshlutfalli einstaklinga á starfsævinni.

7.1.e. Áætluð nýliðun í stöðugildum

Við útreikning á nýliðun í hjúkrunarstétt er stuðst við tölur um atvinnuþátttöku hjúkrunarfræðinga sem er 86,68% og starfshlutfall sem er 76,45%. Gert er ráð fyrir að nýútskrifaðir hjúkrunarfræðingar fari til starfa í sama mæli og að starfshlutfall þeirra verði í samræmi við meðalstarfshlutfall hjúkrunarfræðinga. Nýliðun verður samkvæmt þessu 40 stöðugildi á ári að meðaltali.

7.1.f. Áætluð þörf, fjöldi heimilaðra stöðugilda

Hér er mat hjúkrunarforstjóra á þörf stöðugilda umfram heimildir lagt til grundvallar. Í könnun félagsins frá 1999 er þörf fyrir árlegan vöxt áætluð 1%. Ljóst er að það mat er byggt svörum hjúkrunarforstjóra á þeim tíma. Í skýrslunni „Spá um þörf fyrir vinnuafli í heilbrigðiskerfinu“, sem unnin var af hagfræðistofnun Háskóla Íslands fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og gefin var út 2006, kemur fram að það sé mat sjúkrastofnana að nú sé þörf fyrir 2,2% vöxt á ári. Því liggur beint við að nota þetta mat þegar framreiknuð þörf umfram heimildir er metin. Hér er reynt að áætla þann stöðugildafjölda hjúkrunarfræðinga sem þörf verður á næstu 10 árum. Þessi stærð ræðst af mörgum þáttum, s.s. aldursskiptingu þjóðarinnar og heilsufari. Í þessu spádæmi er af ofangreindum sökum gert ráð fyrir að á næstu 10 árum muni þörfin fyrir hjúkrunarfræðinga aukast um 2,2 % árlega.

7.1.g. Áætlaður fjöldi setinna stöðugilda

Svör stofnana í könnuninni sýna að setin stöðugildi á stofnunum séu alls 1883,9. Þessar stofnanir ráða eins og fyrr segir yfir 91,64% starfandi hjúkrunarfræðinga. Sé hlutfall þetta fært yfir á landið allt verður niðurstaðan að alls séu 2056 setin stöðugildi á landinu öllu. Áætlað er að á hverju ári bætist við þann fjölda stöðugildi nýútskrifaðra hjúkrunarfræðinga sem koma til starfa en stöðugildi þeirra sem fara á lífeyri dragist frá.

7.1.h. Áætlaður fjöldi ósetinna stöðugilda


Reiknaður mismunur þarfar fyrir stöðuheimildir og áætlaðra setinna stöðugilda gefur niðurstöðu um hve mörg ósetin stöðugildi eru á landinu öllu.

7.1.i. Frá vegna leyfa

Alls vantar 240 stöðugildi til starfa í ársbyrjun 2006 vegna veikinda-, barnsburðar- og námsleyfa. Þetta eru 11,11% af heimiluðum stöðugildum. Gengið er út frá því í áætlun næstu 10 ára að hlutfall stöðugilda hjúkrunarfræðinga, sem bæta þarf vegna veikinda, barnsburðar og námsleyfa, verði áfram óbreytt.

7.1.j. Áætlaður heildarskortur stöðugilda

Hér er reiknuð summa dálka h og i, þ.e. metin þörf á fjölgun stöðugilda og fjöldi stöðugilda sem dragast frá vegna veikinda-, barnsburðar- og námsleyfa.



Tafla 12. Spá um skort á hjúkrunarfræðingum 2006-2015.

Heimildaskrá

Ásta Möller (1998). Skortur á hjúkrunarfræðingum til starfa. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Steinunn Sigurðardóttir o.fl., (1999). Mannekla í hjúkrun. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið (2006). Spá um þörf fyrir vinnuafli í heilbrigðiskerfinu. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

www.hagstofa.is/vinnumarkadur (2007). Atvinnuþátttaka íslenskra kvenna 2005. Hagstofa Íslands.

www.nom-nos.dk/NOMESCO (2007). Health Statistics in the Nordic Countries 2004. The Nordic Medico-Statistical Committee.



Mannekla í hjúkrun

Skýrsla Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

**Aðalbjörg Finnbogadóttir
Jón Aðalbjörn Jónsson**

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

Mars 2007